

Heilbrigðis- og trygginganefnd

388. mál, tóbaksvarnir

Tillaga að breytingu á 2. gr. frumvarpsins skv. beiðni nefndarinnar.

a. Seinni málsliður 1. mgr. 9. gr orðast svo:

“Sama gildir um tilsvarendi svæði utan dyra, séu þau ekki nægilega opin til að tryggja viðunandi loftstreymi.”

e. 6. mgr. verður að 4. mgr. og orðast svo:

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð, í samráði við samgönguráðherra og umhverfisráðherra, nánari ákvæði um reykingar á gististöðum og um framkvæmd banns við reykingum á veitinga- og skemmtistöðum, meðal annars hvað varðar svæði utan dyra sbr. 1. mgr.

Greinargerð:

Í tillögunni er gert ráð fyrir því að ákvæðið um bann við reykingum geti, auk “þjónusturýma” innan húss einnig náð til tilsvarendi svæða utan dyra - þ.e. svæða sem tengjast þjónustu við almenning - enda séu þau “ekki nægilega opin til að tryggja viðunandi loftstreymi” að þeim og frá.

Ætlast er til að frekari leiðbeiningar um framkvæmdina að því er þetta varðar verði settar með reglugerð, sjá lið e, svo sem um hámarkslokun reyksvæða (þak, skjólveggir) með tilliti til kröfunnar um loftstreymi og um skil milli reyksvæða og reyklusra svæða utan dyra ef svo ber undir. Orðið “viðunandi” beri í þessu sambandi að túlka með hliðsjón af 1. gr. laga um tóbaksvarnir, sbr. og III. kafla laganna almennt. Beri því að gera meiri kröfur fremur en minni til loftstreymis, og þar með loftskipta, svo að verjandi sé að leyfa reykingar.

Þá er gert ráð fyrir að í reglugerðinni verði tekið mið af þeim ákvæðum í núgildandi lögum, 2. og 4. mgr. 9. gr., að tryggja skuli að “aðgangur að reyklusu svæði liggi ekki um reykingasvæði” og “reykingarnar mengi ekki andrúmsloftið þar sem þær eru ekki leyfðar”, hvort heldur er innan dyra eða utan.